



Jöklarannsóknafélag Íslands

Fréttabréf

Nr. 8

April 1985

FÉLAGSFUNDUR

Fundur verður haldinn að Hótel Hofi,
Rauðarárstíg, fimmtudaginn 18. apríl
1985, kl. 20:30.

Dagskrá:

1. Íshellur. Tómas Jóhannesson segir frá.
2. Kaffidrykkja
3. Nokkur snið mæld með íssjá í vorferðum
JÖRFI. Helgi Björnsson segir frá.

AÐ AFLOKNUM AÐALFUNDI.

Aðalfundur félagsins var haldinn 26. febrúar 1985. Stjórn félagsins er þannig skipuð næsta starfsár:

Sigurjón Rist (formaður), Helgi Björnsson (varaformaður), Jón Ísdal (gjaldkeri), Einar Gunnlaugsson (ritari) og Stefán Bjarnason (unsjón eigna).

Varastjórn er þannig skipuð: Ástvaldur Guðmundsson, Björn Indriðason, Magnús Eyjólfsson og Pétur Þorleifsson.

Nefndir eru þannig skipaðar

Rannsóknanevnd: Helgi Björnsson (formaður), Ari Trausti Guðmundsson, Jón Sveinsson, Magnús Hallgrímsson, Magnús Már Magnússon, Sigurjón Rist, Tómas Jóhannesson.

Skála- og birgðanevnd: Stefán Bjarnason (formaður), Guðlaugur Þórðarson, Jón Ísdal, Pétur Þorleifsson, Valur Jóhannesson.

Bílanevnd: Gunnar Guðmundsson (formaður), Bárður Harðarson, Björn Indriðason, Eiríkur Gunnarsson, Guttormur Þórarinsson, Magnús Eyjólfsson, Ólafur Nielsen, Ólafur Stefánsson.

Skemmtiferðanevnd: Pétur Þorleifsson (formaður), Soffía Vernharðsdóttir.

Skemmtinevnd: Gylfi Þ Gunnarsson (formaður), Rósa Ísdal.

Á stjórnarfundum í byrjun apríl var ákveðið félagsgjald fyrir árið 1985, kr. 700. Var þetta það lægsta sem talið var unnt að komast af með. Gíróseðlar verða sendir út bráðlega og verður Jökull sendur strax við útkomu til þeirra sem gert hafa skil á félagsgjaldi. Jökull 1985 er kominn í prentsmiðju og er væntanlegur um mitt ár.

UM ÍSHELLUR

Íshellur eru fljótandi jöklar. Þær stærstu eru við Suðurskautslandið og er hin mesta þeirra, Ross íshellan, margfalt stærri en Ísland að flatarmáli. Íshellur eru einnig við Grænland og hér á Íslandi er íshella á miðjum Vatnajökli, í Grímsvötnum. Eðlisfræði íshellanna við Suðurskautslandið og Grænland er vel skilin og er talið að íshellurnar við Suðurskautslandið séu forsenda þess að jökullinn á Suðurskautslandinu haldist í jafnvægi. Hægt er að skýra þykkt íshellunnar á Grímsvötnum með einföldu eðlisfræðilíkani, svipuðu og notuð hafa verið við rannsóknir á íshellum Suðurskautslandsins. Einnig má skýra hvers vegna íshellan er nauðsynleg, það er að segja hvers vegna opin vötn fá ekki staðist.

Á félagsfundinum 18. apríl mun Tómas Jóhannesson ræða um íshellur, en Tómas hefur verið við framhaldsnám í jöklafræði í Bandaríkjunum. Að loknu kaffihléi mun Helgi Björnsson sýna nokkur snið, sem mæld hafa verið með íssjá í vorferðum JÖRFI. Sýnd verður þykkt jökuls á helstu leiðum sem farnar eru í vorferðum félagsins. Þau eru Tungnárbotnar - Grímsfjall - Kverkfjöll. Goðheimar - Grímsfjall - Pálsfjall - Kerlingar - Nýjafell.

HÚSNÆÐISMÁL

Á aðalfundi kom fram að félagið þarf að losa herbergi það á Hagamel, þar sem félagið hefur haft geymsluaðstöðu. Stjórnin hefur verið að leita eftir hentugu húsnæði og hefur nú ákveðið að taka á leigu húspláss að Bakkagerði 9. Mun félagið geta komið þar fyrir bókasafninu og birgðum af Jökli. Jafnframt er vonast til að hægt verði að hafa þar smá vinnuaðstöðu, þar sem öll afgreiðsla Jökuls getur farið fram.

RÁÐSTEFNA - SÝNING

Eins og fram hefur komið í síðustu fréttabréfum þá verður haldin hér á landi alþjóðleg ráðstefna um kortlagningu jökla og jöklamælingar þann 26. - 29. ágúst í sumar. Í tengslum við hana er í ráði að hafa sýningu í Norræna húsinu. Þar mun verða sýnt ýmisleg er varðar íslenska jökla og kortagerð. Þarna mun upplagt tækifæri til að kynna Jöklarannsóknafélagið bæði innanlands og utan. Svona sýning krefst mikils undirbúnings og þarf undirbúningur að byrja fljótlega. Félagið auglýsir því eftir sjálfboðaliðum til starfa. Þeir sem hafa áhuga að leggja þessu lið vinsamlegast hafi samband við Helga Björnsson.

VORFERÐ

Nú er kominn sá tími sem jöklafolk fer að hugsa um vorferð á Vatnajökul. Félagið mun að venju standa að rannsókniferð, en enn er ekki hægt að tímasetja hana, þar sem færð inn í Jökulheima kemur til að hafa þar áhrif. Aðal verkefnið verða í Grímsvötnum, hin hefðbundnu vorverk sem ávallt verða umfangsmeiri. Rafstöðin á Grímsfjalli er nú óstarfhæf og munu verða gerðar endurbætur á henni. Ef tími vinnst til verður trúlega farið eitthvað um jökulinn til íssjármælinga og skoðunar.